

## REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 439, 2. ágúst 1996 um greiðslu gjalds skv. 6. gr. 1. nr. 92/1994 um Þróunarsjóð sjávarútvegsins, með síðari breytingum, fiskveiðiárið 1996/1997.

### 1. gr.

1. mgr. 1. gr. orðist svo:

Útgerðir íslenskra fiskiskipa sem fengu úthlutað leyfi til veiða í atvinnuskyni 1. september 1996 skv. lögum um stjórn fiskveiða og útgerðum fiskiskipa sem fá úthlutað aflamarki á grundvelli laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands skulu greiða gjald til Þróunarsjóð sjávarútvegsins.

### 2. gr.

1. ml. 3. mgr. 1. gr. breytist svo:

Í stað orðanna „stunda veiðar“ komi orðin: hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni 1. september 1996 skv. lögum um stjórn fiskveiða.

### 3. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

*Sjávarútvegsráðuneytinu, 30. janúar 1997.*

**Dorsteinn Pálsson.**

---

*Árni Kolbeinsson.*

Nr. 115

5. febrúar 1997

## AUGLÝSING

um hlutfall búnaðarmálasjóðsgjalds.

### 1. gr.

Samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 41 15. maí 1990 um Búnaðarmálasjóð, hafa verið ákveðin frávik við innheimtu búnaðarmálasjóðsgjald til neðantalinna búgreinafélaga:

a) Félag hrossabænda	0,800%
b) Landsamband kartöflubænda	0,500%
c) Samband garðyrkjubænda	0,500%
d) Svínaræktarfélag Íslands	1,000%
e) Félag kjúklingabænda	0,275%
f) Samband íslenskra loðdýraræktenda	0,700%

### 2. gr.

Auglýsing þessi er sett samkvæmt heimild í lögum um Búnaðarmálasjóð nr. 41/1990 og öðlast þegar gildi.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 5. febrúar 1997.*

F. h. r.

**Guðmundur Sigþórsson.**

---

*Jón Höskuldsson.*